

MPA nám – Háskóli Íslands

Gerð útboðsgagna

Fyrirspurnir og svör 2007

11. marz - ný fyrirspurn og svar þ.e. nr. 12 ásamt þeim sem fyrir voru

9. marz – nýjar fyrirspurnir og svör þ.e. nr. 9 til 11 ásamt þeim sem fyrir voru

6. marz – nýjar fyrirspurnir og svör þ.e. nr. 7 og 8 ásamt þeim sem fyrir voru

Þann 28. febrúar 2007 höfðu eftirfarandi fyrirspurnir borist og eru birtar hér ásamt tilheyrandi svörum.

Fsp1 Hver er fjöldi og rekstrarform orkubúanna sem standa saman að útboðinu ?

Sv 1 Í verkefninu er gert ráð fyrir því að fjallað sé um orkubú sem eru að meiri hluta til í opinberri eigu og að rekstrarform þeirra og fjöldi séu sem næst því sem gerist hér á landi

Fsp 2 Má gera ráð fyrir að orkubúin séu dreifð um allt landið?

Sv 2 Sjá svar við fyrirspurn 1, hér fyrir ofan

Fsp 3 Gilda lög um opinber innkaup um þessi fyrirtæki án undantekninga?

Sv 3 Í verkefninu er gert ráð fyrir því að lög um opinber innkaup gildi án undantekninga um þau fyrirtæki sem fjallað er um og ekki sé höfð hliðsjón af sérreglum eða lögum sem kunna að eiga við um framleiðslu og dreifingu á orku, .

Fsp 4. Er í þessu verkefni hægt að gera ráð fyrir að sérstök heimild hafi þegar fengist frá fjármálaráðuneyti til að gera 10 ára þjónustusamning í framhaldi útboðsins sem er frávík frá ákvæðum laga um lengd slíkra samninga?

Sv 4 Tíu ára þjónustusamningur er hér eingöngu til viðmiðunar og leyfi frá fjármálaráðuneyti því ekki nauðsynlegt á þessu stigi málsins.

Fsp 5 Er mögulegt að fá aðgang að kostnaðaráætlun hugbúnaðarins sem fyrir liggur skv. leiðbeiningum vegna verkefnisins.

Sv 5 Sundurliðuð kostnaðaráætlun verður ekki birt. Á hinn bóginn er rétt að taka fram að kostnaðaráætlun fyrir verkefnið kr. 50 milljónir nær aðeins til kaupa á hugbúnaðarkerfinu ekki reksturs.

MPA nám – Háskóli Íslands

Gerð útboðsgagna

- Fsp 6 Er mögulegt að ný orkulög hafi áhrif á framkvæmd útboðssins þ.e. þau lög gera ráð fyrir samkeppni orkufyrirtækja í orkusölu og dreifingu.
- Sv 6. Í verkefninu er gert ráð fyrir því að orkufyrirtækin hafi leyfi til þess að starfa saman t.d. við kaup á sameiginulegu upplýsingakerfi.
Fyrirspurnir og svör 6. marz 2007
- Fsp 7 Er gert ráð fyrir því að hugbúnaðurinn, sem verkefnið í innkaupanáminu fjallar um, verði miðlægur eða er gert ráð fyrir að hvert orkubú setji hugbúnaðinn upp hjá sér? Ef hugbúnaður er miðlægur hvar á hann þá að liggja?
- Sv 7 Við úrlausn verkefnisins má gefa sér hvort tveggja þ.e. að hugbúnaður sé miðlægur, keyrður frá tilteknum stað (að eigin vali) eða að hvert orkubú setji upp eigið eintak (útgáfu) af hugbúnaðinum. Seinni kosturinn eru að líkum auðveldari viðfangs.
- Fsp 8 Ég er að vinna að útboðsverkefninu í MPA náminu. Eitt sem ég er ekki alveg með á hreinu, felst verkefnið í því að gera útborðslýsingu eða á ég að gera ritgerð þar sem ég geri grein fyrir þeim þáttum sem taldir eru upp í verkefnislýsingunni og vitna þá í heimildir þegar ég geri grein fyrir ákvörðunum mínum og útborðslýsingin er þá fylgiskjal sem afrakstur af ritgerðinni.
- Sv 8. Gert er ráð fyrir því að meginviðfangsefni verkefnisins sé að gera útboðslýsingu, þ.e. að vinna með þá "beinagreind" sem lögð er fram með verkefnisgögnum. Úrlausn verkefnisins felst m.a. í því að vinna með "lituðu" svæðin, laga þau að markmiðum útboðsins sem er að bjóða út hugbúnað fyrir nokkur orkubú o.s.frv. Mikilvægt er að gera grein fyrir þeim forsendum sem lagt er upp með þ.e. sem nemendur gefa sér. Valfrelsi er vissulega talsvert en lögð áhersla á að forsendur séu raunhæfar og eðlilegar t.d. miðað við aðstæður héraendis. Stutt greinargerð með verkefninu / útboðslýsingunni er vissulega kostur auki hún við gæði lausnarinnar.
- Fsp 9 Hvað er það sem þarf sérstaklega að hafa í huga þegar maður gefur leyfi til að bjóða í einstaka hluta í útboði? Hér er ég að hugsa um hvort það séu einhverjir annmarkar á að leyfa boð í annars vegar hugbúnaðinn og hins vegar þjónustuna.
- Sv 9 Almennt er hagkvæmara fyrir kaupanda að vöru og/eða þjónustu að geta sótt upplýsingar og aðstoð til eins aðila í stað tveggja eða fleiri. Gera má ráð fyrir að seljandi hugbúnaðar sé að öllu jöfnu betur í stakk búinn til þess að þjónusta það sem hann hefur sniðið til og sett upp en einhver annar sem ekki þekkir jafn vel til.

MPA nám – Háskóli Íslands

Gerð útboðsgagna

Fsp 10 Geta aðilar geti boðið í þjónustu á hugbúnað sem ekki er þegar búið að festa kaup á? Hugbúnaðarkerfi er alltaf í þróun og þrátt fyrir að búið sé að festa kaup á hugbúnaði, þá þarf alltaf að vera að þróa hann og þá hlýtur þróunin að vera í þjónustusamningnum eða er það ekki?

Sv 10 Þjónustusamningar á hugbúnaði eru að öllu jöfnu “viðbragðssamningar” þ.e. verksali er reiðubúinn að þjónusta tiltekinn hugbúnað eða kerfi sé þess óskað og þá innan tiltekins tímafrests. Þannig skuldbindur verksali sig til þess að hafa mannskap til reiðu verði eftir því kallað, og sú þjónusta sem innt er af hendi greidd eftir fyrirfram ákveðnum taxta. Án þjónustusamnings getur verksali borið því við að starfsmenn hans séu uppteknir í öðrum (þjónustusamnings)verkum eða þurfi einhvern tíma, daga eða vikur til þess að setja sig inn í viðkomandi hugbúnað. Þróun / breyting á hugbúnaði er síðan annað mál sem verkkaupi og verksali semja um sín á milli en geta t.d haft samkomulag um tiltekinn taxta fyrir slík verk.

Fsp 11 Þarf ekki líka að gera ráð fyrir hýsingu á gögnum og einhverjum öryggisútbúnaði?

Sv 11 Í þessu verkefni er ekki gert ráð fyrir því tekið sé á hýsingar- eða öryggismálum.

Fsp 12 Það er fyrirspurn nr. 10 og svör við henni sem eru aðeins að vefjast fyrir mér og vekja spurningar. Má skilja það sem svo að til þess sé ætlast að við skilum sem hluta af verkefninu frágengnum þjónustusamningi ásamt útboðslýsingunni? Ef svo er hvað þá með sérstakan verksamning um framkvæmdina og tilhögun hennar, framgang, greiðslur, gæða- og virkniprófanir, o.s.frv?

Sv. 12 Ekki er gert ráð fyrir að skilað sé samningum hvorki fyrir verkefnið né þjónustu því tengdu. Aftur á móti er það verkefninu til framdráttar að gera grein fyrir því hvernig samningum og samningagerð gæti verið háttað, t.d. hvaða gögn væri fyrirhugað að leggja fram með útboðsgögnum væri um fullburða útboð að ræða. Þá er og mikilvægt að gera grein fyrir þeim forsendum sem verkefnið byggir á, hvað gert er ráð fyrir að taka með og hverju er fyrirhugað að sleppa.